

skipstjóri tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til Fiskistofu, þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó, og áætlaður löndunarstaður og -tími. Sama gildir ef skip flytur sig milli lögsagna Noregs og Rússlands.

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku miðað við afla upp úr sjó, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, sundurliðað eftir tegundum og veiðisvæðum.

Skipstjórar skulu skrá í afladagbækur sem Fiskistofa leggur til nákvæmar skýrslur um veiðarnar og skal upplýsingum skilað mánaðarlega. Í afladagbókum skal greinilega koma fram, hve mikill hluti aflans er fenginn í efnahagslögsögu Noregs og hve mikill í efnahagslögsögu Rússlands.

9. gr.

Heimilt er að landa afla í höfnum í Noregi og Rússlandi, enda séu skilyrði Fiskistofu um skýrsluskil uppfyllt. Reglugerð nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla á við að öðru leyti.

Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi og Rússlandi, og skal yfirlit yfir nýtingarstuðla fylgja sem viðauki við veiðileyfi.

Þegar Norðurishafsporskur reiknast til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 1.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. desember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um breyting á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingar á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er fjallað um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Lýsing á meistaranámi snyrtigreina bls. 144 orðist svo:

Tilgangur meistaránáms er að veita nemum fræðslu, þjálfun og undirbúning þannig að þeir geti staðið fyrir sjálfstæðum rekstri í iðngrein sinni, stjórnað verkum og kennt nýliðum vinnubrögð, öryggisreglur og iðnfræði.

<i>Stjórnunar- og rekstrargreinar</i>		<i>17 einingar</i>
Bókhald og skjalavarsla	MBS 101	1 ein.
Innkaup og birgðastýring	MIB 101	1 ein.
Kennsla/þjálfun	MKE 102	2 ein.
Reikningsskil	MRS 103	3 ein.
Rekstrarumhverfi	MRU 102	2 ein.
Stjórnun	MST 104	4 ein.
Sölutækni og samskipti	MSÖ 101	1 ein.
Viðskiptastærðfræði	STÆ 243	3 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 27. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2001 um breytingu á ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 og 3/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum, JAR-OPS 3, Change 1.

Samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2000 og nr. 3/2000, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 753/2000 og nr. 987/2000 um gildistöku nýrra reglna um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, tóku reglur JAA um flugrekstur með þyrlum JAR-OPS 3, Change 1, gildi frá og með 1. janúar 2001.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að þeim aðilum sem fyrir gildistöku reglnanna stunduðu flugrekstur í flutningaflugi með þyrlum í sjónflugi sé hér með veittur frekari aðlögunartími að ákvæðum JAR-OPS 3 Change 1. Aðlögunartími þessi skal teljast frá gildistöku reglnanna frá og með 1. janúar 2001 til 31. desember 2002.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, verður ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Reykjavík, 20. desember 2001.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.